

Stofnanasamningur
Félags lífeindafræðinga
og
Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

1. Gildissvið

Samningur þessi nær til allra félagsmanna í framangreindu stéttarfélagi sem starfa hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og njóta ráðningarkjara samkvæmt gildandi kjarasamningi Félags lífeindafræðinga og fjármálaráðherra f.h. ríkisjóðs.

2. Meginmarkmið

Aðilar eru sammála um eftirfarandi markmið:

- a. að launakerfið verði sveigjanlegt og ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum hætti og stuðli að jöfnun launa fyrir sambærileg störf án tillits til kynferðis,
- b. að launakerfið nýtist sem stjórnþæki til að ná fram markmiðum stofnunarinnar,
- c. að launakerfið stuðli að uppbyggingu og viðhaldi á góðri þekkingu innan Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.

3. Starfaflokkar og röðun

3.1 Forsendur starfaflokka (hópa) byggja m.a. á skipuriti, eðli starfa, ábyrgð og umfangi. Miða skal við að um sé að ræða viðvarandi/stöðugt verkswið. Röðun í starfaflokka skal byggð á hlutlægum mælikvörðum eftir því sem unnt er.

Hópur	Gr.fl.	Skýringar.
I	1	Lífeindafræðinemi (eftir annað ár).
II	4	Lífeindafræðingur 1 , byrjandi í starfi. Nýtur tilsagnar eða bakvaktar reynds fagaðila við störf sín og starfar sjálfstætt að því marki sem yfirmaður ákveður.
III	6	Lífeindafræðingur 2 , hefur a.m.k. 3 ára starfsreynslu. Starfar sjálfstætt án beinnar tilsagnar og tekur þátt í þróun starfs á sinni einingu. Metur árangur starfsins. Tekur þátt í að leiðbeina samstarfsfólki og nemendum.
	8	Verkefnastjóri 1 , hefur a.m.k. 5 ára starfsreynslu í faginu. Vinnur sjálfstætt, tekur virkan þátt í þróun starfs á sinni einingu og er þátttakandi í gæðastarfi. Skipuleggur og veitir fræðslu, auk þess að leiðbeina samstarfsmönnum og nemum.
IV	11	Yfirlífeindafræðingur/verkefnastjóri 2 , ber ábyrgð á þróun fags og þjónustu sem veitt er á starfsstöð í samráði við yfirmann. Metur árangur í starfsemi. Skipuleggur kennslu á sérsviði.

4. Mat á einstökum þáttum

4.1 Starfsaldur (reynsla) er metinn á láréttum ás.

- Starfsmaður hækkar um eitt þrep eftir þriggja ára starf í heilsugæslu. Heimilt er að meta allt að þriggja ára starfsreynslu á fagsviði vegna starfa utan heilsugæslu.
- Starfsmaður hækkar um eitt þrep eftir níu ára starf í heilsugæslu.

4.2 Viðbótarmenntun er metin á láréttum ás. Um er að ræða mat á formlegu framhaldsnámi sem nýtist í starfi en þess er ekki krafist skv. starfslýsingu. Samkvæmt þessu ákvæði getur starfsmaður hækkað um allt að 5 þrep.

- Starfsmaður sem lokið hefur doktorsprófi fær 5 þrep.
- Starfsmaður sem lokið hefur meistaraþrófi fær 3 þrep.
- Starfsmaður sem lokið hefur formlegu viðbótarnámi sem nýtist í starfi, að lámarki 30 ECTS einingar fær 1 þrep.
- Einnig er heimilt að meta amk 30 ECTS einingar sem lokið hefur verið í háskóla eftir 1. janúar 2000 til 1 þreps.

4.3 Sérstakt tímabundið álag/verkefni

Heimilt er að gera samning við lífeindafræðinga sem að taka að sér sérstök verkefni sem fela í sér tímabundið álag. Í slíkum tilvikum skal gera skriflegan viðbótarsamning um tímabundna hækkun launa í formi álagsþrepa, eingreiðslna eða yfirvinnutíma.

5. Starfsmannasamtöl

Einu sinni á ári ber yfirmanni að boða hvern starfsmann í samtal til að ræða starf hans og starfssvið.

Tilgangur samtalanna er:


- Samhæfa markmið starfsmanns og stofnunar.
- Tryggja skýrleika í starfsemi.
- Greina verk- og ábyrgðarsvið starfsmanna og stjórnenda.
- Vinna að framförum starfsmanna m.t.t. hæfni í starfi.
- Skoða samstarf starfsmanns og stjórnenda.
- Bæta starfsskilyrði starfsmanna.
- Auka framleiðni, starfsánægju og styrkja starfsandann.
- Endurmat á starfssviði með tilliti til starfslýsinga.

6. Gildistími


Stofnanasamningur þessi gildir frá 1. mars 2013.

Reykjavík, 24. október 2013

F.h.
Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins


Sigríður P. Magnúsdóttir

F.h.
Félags lífeindafræðinga


Anna L. Guðardóttir

Bókanir með stofnanasamningi

Bókun 1


Vegna breytinga á starfsemi HH geta orðið til ný störf sem ekki falla að starfaflokkun þessari sem þarf að raða sérstaklega. Leiði ný störf eða starfsemi til þess að forsendur þessa samnings teljist brostnar eða breyttar frá því sem nú er, skal samstarfsnefnd taka afstöðu til breytinga á röðunarreglum.

Bókun 2


Skráning á forsendum launaröðunar allra lífeindafræðinga verður yfirfarin. Þessari vinnu verður lokið fyrir 1. janúar 2014. Ofangreind yfirferð á launaröðun mun aldrei leiða til lækkunar launa einstakra lífeindafræðinga.

Reykjavík, 24. október 2013

f.h. Heilsugæslu höfuðborgarsvæðis


Sigríður P. Magnúsdóttir

f.h. Félags lífeindafræðinga


Anna L. Andersen